



# Útdráttur úr stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra

Landsbankinn hf. | Nr. 1226-04 | Júlí 2015

Landsbankinn hf. (hér eftir nefndur „Landsbankinn“ eða „bankinn“) er alhliða fjármálafyrirtæki sem veitir víðtæka þjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og á markaði. Vegna þeirrar fjölbreyttu þjónustu sem bankinn veitir má gera ráð fyrir því að upp komi aðstæður sem leitt geta til hagsmunaárekstra. Með hagsmunaárekstrum er átt við þær aðstæður sem upp geta komið þegar bankinn þjónar hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og er í aðstöðu til að láta einn aðila njóta betri stöðu á kostnað annars og skaða þannig fjárhagslega hagsmuni viðskiptavinar.

Landsbankinn hefur sett sér stefnu um hagsmunaárekstra sem gildir fyrir alla starfsmenn Landsbankans. Markmið stefunnar er að tryggja samræmda meðhöndlun á hagsmunaárekstrum og viðhafa árangursríkar skipulagslegar- og stjórnunarlegar ráðstafanir til að stjórna hvers konar hagsmunaárekstrum sem koma upp hjá bankanum. Með því að forðast hagsmunaárekstra stuðlar bankinn að vernd viðskiptavina og trúverðugleika markaðarins..

Í stefnu bankans um hagsmunaárekstra er gerð grein fyrir því með hvaða hætti unnt sé að greina hagsmunaárekstra, hvernig bregðast skuli við hagsmunaárekstrum og hvað skuli gera ef hefðbundnar ráðstafanir teljast ekki fullnægjandi vörn fyrir viðskiptavininn. Einnig er sérstaklega fjallað um aðstæður í starfsemi bankans sem almennt má ætla að hagsmunaárekstrar geti komið upp.

Landsbankinn bregst við öllum hagsmunaárekstrum sem greindir hafa verið með því að grípa til viðeigandi ráðstafana til að takmarka hættuna á að viðkomandi árekstur hagsmuna eigi sér stað og koma í veg fyrir mögulegar skaðlegar afleiðingar.

Með viðeigandi ráðstöfunum er átt við skipulagslegar- og stjórnunarlegar aðgerðir sem taka tillit til fjölbreytileika þjónustu og afurða bankans sem felast m.a. í eftirtöldu:

- » Landsbankinn dregur úr hættu á hagsmunaárekstrum með aðgreiningu einstakra starfssviða (Kínamúrar). Tilgangur Kínamúra er að koma í veg fyrir að trúnaðar- og innherjaupplýsingar berist milli einstakra deilda eða sviða.
- » Verkferlar og vinnulýsingar bankans skulu koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og tryggja óhlutdrægni bankans og jafnræði viðskiptavina.
- » Landsbankinn skal tryggja að laun og kaupaukar starfsmanns á einu sviði hafi engin bein tengsl við laun og kaupauka, eða tekjumyndun, starfsmanns á öðru sviði ef til hagsmunaárekstra gæti komið milli sviðanna eða verkefna viðkomandi starfsmanna.
- » Landsbankinn skal hafa reglur um verðbréfaviðskipti starfsmanna.
- » Landsbankinn skal hafa reglur um gjafir og boðsferðir.
- » Landsbankinn skal hafa reglur um opinbera fjárfestingarráðgjöf.
- » Landsbankinn skal hafa reglur um þátttöku starfsmanna í stjórnun og atvinnurekstri.

Í þeim tilvikum sem hagsmunaárekstrar eru til staðar, ber bankanum að gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrarnir skaði hagsmuni viðskiptavina bankans.

Í þeim tilvikum þegar ráðstafanir bankans veita ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna viðskiptavina sé nægjanlega gætt ber bankanum annaðhvort að upplýsa viðskiptavin um hagsmunaárekstra og mögulega grípa til viðbótarráðstafana eða framkvæma ekki þjónustu/viðskipti.

Stjórnendur sviða bankans eru ábyrgir fyrir því að sporna gegn hagsmunaárekstrum með því að innleiða stefnu bankans um hagsmunaárekstra.

Regluvörður Landsbankans hefur eftirlit með framkvæmd stefnu bankans um hagsmunaárekstra og unnt er að óska eftir nánari upplýsingum með því að senda beiðni á netfangið: [regluvordur@landsbankinn.is](mailto:regluvordur@landsbankinn.is).